



Reykjavík, 30. október 2025

FAS25100015

1210

Borgarráð

Tillaga um gjalddaga fasteignaskatta og lóðarleigu 2026

Lagt er til að gjalddagaskipting fasteignagjalda fyrir árið 2026 verði eftirfarandi:

Greiðendur fasteignagjalda skulu gera skil á fasteignagjöldum ársins 2026 með 11 jöfnum greiðslum á eftirfarandi gjalddögum:

31. janúar, 2. mars, 4. apríl, 2. maí, 1. júní, 5. júlí, 2. ágúst, 1. september, 3. október,
1. nóvember og 5. desember

Þá er lagt til að nemi álagning fasteignagjalda 25.000 kr. eða lægri fjárhæð á fastanúmer greiði gjaldendur þau með einum gjalddaga þann 31. janúar 2026.

Lagt er til að gjalddagar krafna vegna framkvæmdar afsláttar til tekjulágra elli- og örorkulífeyrisþega af fasteignaskatti og fráveitugjaldi verði 1. nóvember 2026, 5. desember 2026 og 3. janúar 2027.

Lagt er til að þeir sem eiga inneignir fái þær greiddar út 5. nóvember 2026.

Greinargerð:

Sveitarstjórn ákveður fjölda gjalddaga fasteignaskatts skv. 4. mgr. 4. gr. laga nr. 4/1995 um tekjustofna sveitarfélaga. Þar segir einnig að sveitarstjórn sé heimilt að ákveða að skatturinn greiðist allur á einum gjalddaga ef álagning er undir tiltekinni fjárhæð. Skv. 5. mgr. sömu greinar er eindagi fasteignaskatts 30 dögum eftir gjalddaga. Tillagan er í samræmi við gjalddagaskipan á árinu 2025.


Heiða Björg Hilmisdóttir
Borgarstjóri



Reykjavík